

## 125. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson og Guðmundur B. Friðriksson. Guðmundur Tryggvið Ólafsson var í síma.

**Staður og stund:** Sorpa, Gufunesi þann 18. apríl 2011 kl. 12:00

### Þetta gerðist

1. Þjónustusamningur Fenúr við Sorpu  
Farið var yfir drög að þjónustusamningi Fenúr við Sorpu. Gjaldkeri sendir drögin til framkvæmdastjóra Sorpu og óskar eftir áætlun Sorpu um fjölda tíma og taxa fyrir verkið. Samninginn þarf að klára og undirrita fyrir aðalfund Fenúr þannig að kynna megi samninginn á fundinum.
2. Aðalfundur 2011  
Ársreikningarnir eru klárir. Gjaldkeri fer yfir reikningana og sendir stjórn ásamt skýringum á helstu þáttum. Stjórnarmenn fá skamman tíma til að yfirfara en gjaldkeri sendir þá svo á skoðunarmenn. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs verður unnin þegar reikningar ársins 2011 hafa verið yfirfarnir. Farið verður yfir starfs- og fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfund. GBF upplýsti að Karl Sigurðsson hafi fallist á að stýra aðalfundinum. Rætt um stjórnarsetu á næsta starfsári. Tillögur þurfa að berast í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund. RHH ætlar að senda ítrekun á félagsmenn þess efnis.
3. Ráðstefna að loknum aðalfundi  
HJB hefur rætt við Lúðvík Gústafsson um erindi á ráðstefnunni. Lúðvík ætlar að vera með erindi um sérstöðu Íslands í úrgangsmálum. RHH hefur samband við Lúðvík til að fá nánari upplýsingar um heiti erindisins. Rætt um erindi varðandi nýtingu á lífrænum áburði. GTÓ ætlar að hafa samband við MAST um erindi varðandi díoxín og nýtingu á lífrænum áburði, tvö aðskilin erindi. RHH ræðir við UST eða umhverfisráðuneytið um erindi varðandi nýtingu á lífrænum áburði frá þeirra sjónarhóli. GTÓ ræðir við Eið Guðmundsson framkvæmdastjóra Moltu um erindi frá sjónarhóli framkvæmdaraðila. Erindi á ráðstefnunni gætu því verið eftirfarandi:
  - Hrefna Bryndís Jónsdóttir, heimsókn til EU (staðfest)
  - Lúðvík Gústafsson, sérstaða Íslands í úrgangsmálum (staðfest)
  - Sigríður Björnsdóttir, flokkun sorps hjá HÍ (staðfest)
  - Breyttar reglur um nýtingu á lífrænum áburði, sjónarhorn MAST (óstaðfest, GTÓ)
  - Breyttar reglur um nýtingu á lífrænum áburði, sjónarhorn Umhverfisráðuneytisins (óstaðfest, RHH)
  - Breyttar reglur um nýtingu á lífrænum áburði, sjónarhorn framkvæmdaraðila (óstaðfest, GTÓ)
  - MAST, díoxínmengun frá sorpbrennslum (óstaðfest, GTÓ)
  - Einar Vilhjálmsson, metannotkun, framleiðslu metans, fjölgun metanbíla og framtíðarsýn (óstaðfest, RHH)
4. Ráðgjafastjórn Fenúr

Rætt var um ráðgjafastjórn Fenúr. Á síðasta aðalfundi var stjórn falið að skoða framtíð ráðgjafastjórnar fagráðsins, hvort breyta eigi henni, halda henni óbreyttri eða leggja niður. Ráðgjafastjórnin hefur ekki verið virk í nokkur ár og ákvað stjórn því að leggja hana niður. GBF vinnur drög að breytingu á samþykkt fagráðsins þess efnis og sendir stjórnarmönnum.

Næsti stjórnarfund verður á mánudaginn 2. maí nk. kl. 12:00 hjá Sorpu í Gufunesi.

Fundi slitið kl. 13:00

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson